

Fundur í Sameiningarnefnd um sameiningu sveitarfélaga í A-Hún, 5. desember 2019.

Haldinn á Húnavöllum kl. 15:00.

Mætt: Birna Ágústsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Magnús Björnsson, Valdimar Hermannsson, Guðmundur Haukur Jakobsson, Þóra Sverrisdóttir (áheyrnarfulltrúi) Alexandra Jóhannesdóttir, Halldór G. Ólafsson, Kristín B. Leifsdóttir, Jón Gíslason, Karen Steinsdóttir og Ragnhildur Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerð Sameiningarnefndar A-Hún.

Jón Gíslason setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

Engin formleg dagskrá var lögð fram fyrir fundinn.

Þorleifur Ingvarsson tilkynnti fyrir í sumar að hann hyggðist láta af störfum sínum í sameiningarnefnd Austur-Húnavatnssýslu. Vill nefndin þakka Þorleifi kærlega fyrir störf sín í nefndinni undanfarin ár.

Fundargerð síðasta fundar frá 4. febrúar samþykkt.

Fyrsta mál sem tekið var fyrir var að kjósa nýjan formann í sameiningarnefnd í stað Þorleifs Ingvarssonar.

Jón Gíslason, oddviti Húnavatnshrepps var kosinn formaður nefndarinnar.

Fundarmenn viðriðu skoðanir sínar um hvort heppilegt væri að leita eftir samstarfi við annað ráðgjafarfyrirtæki. Í kjölfar umræðna var ákveðið að leita eftir samstarfi við RR ráðgjöf. Vilja fundarmenn þakka Ráðrík ehf. fyrir störf sín í þágu nefndarinnar.

Fundi slitið 16.20.

.